

Nd.

229. Nefndarállt

um frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Fyrir nefndinni hafa legið tvö frv., sem bæði fara í sömu átt, frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands (stjórnarfrv. 27) og frv. til laga um Ræktunarsjóð hinn nýja, borið fram af þm. Strandamanna, að tilhlutun Búnaðarfjelags Íslands (þingskjal 45).

Frv. þessi ganga bæði í þá átt, að bæta úr misrjetti því, sem landbúnaðurinn á nú við að búa í samanburði við hinn aðal-atvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn, að því er snertir starfsfje til atvinnurekstrarins. Nefndin er á einu máli um það, að hjer þurfi bráðra bóta við. Hlutfallið milli atvinnuveganna hefir á síðari árum raskast stórlega. Sjávarútvegurinn hefir með tilstyrk bankanna breytt um starfsaðferðir og er nú að miklu leyti rekinn með þeim fullkómnustu tækjum, sem völ er á nú á dögum. Landbúnaðurinn hefir að vísu tekið nokkrum framförum, en það hefir verið mesti seinangangur í samanburði við umbætur þær, sem gerðar hafa verið á sviði sjávarútvegsins. Bankarnir hafa ekki sjeð sjer fært að lána fje með þeim kjörum, sem aðgengileg hafa verið fyrir landbúnaðinn. Umbæturnar, sem gerðar hafa verið á rekstri sjávarútvegsins, hafa gert þeim atvinnuvegi fært að greiða hærri vexti af starfsfje sínu og herra kaup en landbúnaðurinn getur staðist í því horfi, sem hann er nú. Afleiðingin hefir orðið sú, að fólkið hefir leitað úr sveitunum í kaupstaðina. Skoðanir manna eru ekki mjög skiftar um það að þessi fólksstraumur úr sveitunum sje þjóðlífinu ekki hollur. En eina ráðið til þess að stöðva þennan straum er að gera landbúnaðinum kost á að koma atvinnurekstri sínum í það horf, sem hæfir kröfum tímans. Ræktunin verður að vera undirstaða umbótanna, en til þess að ræktunin eflist þarf landbúnaðurinn að eiga aðgang að starfsfje með öðrum kjörum en tíðkast við lánsstofnanir vorar nú. Besta úrlausnin er því, að landbúnaðurinn fái sína sjerstöku lánsstofnun, eins og gert er ráð fyrir í frv. þeim, sem hjer er um að ræða.

Frumvörpin eru bæði eins að forminu til, en ganga mislangt í því, að efla vaxtarmöguleika sjóðsins. Nefndin hefir lagt frumvarp stjórnarinnar til grundvallar, með því að henni þótti það að ýmsu leyti betur gert að forminu til og í sumum atriðum betur skipað til um einstök ákvæði, svo sem reglur fyrir útlánum og tryggingu vaxtabrjefanna, en að því er snertir höfuðstól sjóðsins, og þar með vaxtarskilyrði hans, þótti nefndinni stjórnarfrumvarpið ganga of skamt, og hefir nefndin því tekið upp í tillögur sínar þau atriði úr frumvarpinu á þskj. 45, er miða að því að auka höfuðstól sjóðsins. Að sumu leyti eru ákvæði frv. á þskj. 45 tekin upp óbreytt, en að sumu leyti hafa verið gerðar breytingar hvað formið snertir, án þess að þær varði nokkru verulegu um upphæð höfuðstólsins.

Aðalbreytingin, að þessu leyti, er sú, að í stað þess að í frv. á þskj. 45 er ætlunin að auka höfuðstól Ræktunarsjóðs með verðtolti á öllum innfluttum vörum og auknu útflutningsgjaldi á útfluttum vörum um 3ja ára skeið, þá ætlast nefndin til, að höfuðstóllinn skuli aukinn með tillagi úr rikissjóði, og skuli rikissjóði sjeð fyrir sjerstökum tekjuauka í þessu skyni. Nefndinni þykir nokkrum annmörkum háð að leggja almennan verðtoll á innfluttar vörur til aukningar sjóðnum, þar sem hann kæmi hlutfallslega þungt og órjettilega niður á ýmsum skattþegnum, svo sem kaupstaða- og kauptúnabúum. Slíkur skattur hefir verið hjer í lögum áður, og þótti þá mjög óhægur í innheimtu. Þá þykir og óviðkunnanlegt að leggja á tolla í öðrum lögum en tollögum, því að með því væri rýrt öryggi skattþegnanna fyrir ofsköttun. Nefndin hefir því snúið að því ráði, að auka höfuðstól Ræktunarsjóðsins með hækkun á útflutningsgjaldi því, sem nú er í lögum. Með því móti verður komist hjá sjerstakri fyrirhöfn eða kostnaði við innheimtu gjaldsins, og auk þess girt fyrir ýmsa þá annmarka, sem að framan getur. Ber nefndin fram frumvarp í þessu skyni ásamt meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Ætlast er til, að lögin um Búnaðarlánadeildina falli niður jafnskjótt og frumvarp þetta verður að lögum. Þó er ætlast til, að Landsbankinn leggi fram fje til vaxtabrjefakaupa Ræktunarsjóðs, jafnháa upphæð og hann átti að leggja Búnaðarlánadeildinni, að því frádregnu, sem Búnaðarlánadeildin kann að hafa í útlánun, þegar Ræktunarsjóður tekur til starfa. Ýmsar fleiri breytingar hefir nefndin gert á frv., og verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu.

Samkvæmt því, sem að framan er ritað, leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að efla ræktun landsins og stuðla að bættum húsakynnum í sveitun.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Höfuðstóll sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið frá árslokum 1883. Ennfremur rennur í sjóðinn:

1. Tekjur af þjóðjörðum frá fardögum 1925 og andvirði þeirra, sem seldar verða, svo og ársvextir sjóðsins.

2. Tillag úr rikissjóði, er samsvari þeirri upphæð með vöxtum, er Ræktunarsjóður hefir greitt honum samkv. lögum 20. okt. 1905. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og rikisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram.

3. Varasjóður 1. flokks veðdeildar, þá er lokið er öllum skuldbindingum þess flokks. Til frekari aukningar á höfuðstól sjóðsins leggur rikissjóður fram 1 milljón króna. Skal rikissjóði þegar sjeð fyrir sjerstökum tekjum í þessu skyni.

3. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg.:
Landsbankinn lætur sjóðnum í tje ókeypiss húsnæði til starfrækslu og tryggja geymslu fyrir verðmæt skjöl og tje.
4. Við 6. gr. Síðari málsliður fyrri málsgreinar orðist svo:
Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið o. s. frv.
5. Við 8. gr. Síðari málsliður 1. málsgreinar »Lán til jarðræktar« o. s. frv. falli niður.
6. Við 27. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg.:
Landsbanka Íslands er skylt að kaupa með nafnverði, ef stjórn Ræktunarsjóðs æskir þess, vaxtabrjef fyrir þá upphæð, er lög um stofnun Búnaðarlánadeildar frá 4. júní 1924 mæla fyrir, að Landsbankinn skuli leggja Búnaðarlánadeildinni. Skal bankanum skylt að hafa lokið þessum kaupum fyrir árslok 1926, ef krafist verður, að frádreginni þeirri upphæð, er hann kann að hafa lagt Búnaðarlánadeildinni. Að því leyti sem stjórn Ræktunarsjóðs notar ekki þessa heimild á tilsettum tíma, er Landsbankanum skylt að kaupa vaxtabrjef fyrir allt að 100 þús. krónur á ári.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna, Hákon Kristófersson, áskilur sjer óbundið atkvæði um breytingartillöguna við 2. gr. tölulið 1, tekjur af þjóðjörðum.

Alþingi, 23. mars 1925.

Pjetur Þórðarson, Árni Jónsson, Halldór Stefánsson.
form. fundaskr. og frsm.

Magnús Torfason. Hákon Kristófersson.